

Framboð til kirkjuþings

Rúnar Vilhjálmsson

1. kjördæmi
Reykjavíkurráðgjafsdæmi vestra

Ég býð mig fram sem fulltrúa á kirkjuþingi við kirkjuþingskosningarnar í maí.

Menntun:

Ég lauk BA-prófi í félagsfræði frá Háskóla Íslands árið 1982. MS prófi lauk ég í sömu grein 1984 frá Wisconsinháskóla í Madison í Bandaríkjunum og doktorsprófi frá sama skóla 1993.

Störf:

Frá árinu 1985 hef ég gegnt starfi háskólakennara við Háskóla Íslands og hef frá árinu 1996 gegnt starfi prófessors í félagsfræði við heilbrigðisvísindasvið skólans. Ég er núverandi formaður stjórnar Þjóðkirkjunnar.

Áhuga- og félagsmál:

Sem kristinn einstaklingur hef ég lengi haft mikinn áhuga á málefnum kirkju og kristni. Í BA námi mínu við Háskóla Íslands á 9. áratugnum valdi ég kristna siðfræði sem aukagrein innan guðfræðideildar, ásamt félagsfræðinni í félagsvísindadeildinni. Á háskólaárunum tók ég virkan þátt í Kristilegu stúdentafélagi og skipulagði ásamt öðrum málfundi og útvarpsþætti um kristin málefni. Þá hélt ég á sama tíma erindi í Ríkisútvarpinu og skrifaði í blöð um kristin og siðferðileg efni af ólíku tagi.

Ég sat í stjórn og var varaforseti Gídeonfélagsins á árunum 2008-2011 og gegndi stöðu forseta félagsins 2011-2014. Þá var ég stjórnarmaður og gjaldkeri Hins íslenska biblíufélags 2013-2017 og varaforseti félagsins 2017-2018. Ég sat í sóknarnefnd Dómkirkjunnar 2017-2021 og tók sæti í sóknarnefnd Hallgrímssafnaðar árið 2021. Ég hef átt sæti á kirkjuþingi frá árinu 2022.



Í störfum mínum sem háskólakennari hef ég stundað rannsóknir og annast kennslu og leiðbeiningu nemenda á sviði heilbrigðismála, einkum um málefni er varða lífnaðarhætti, líðan og heilsu einstaklinga og um málefni velferðarþjónustunnar. Trúarleg viðhorf og andleg málefni hafa tengst þessum viðfangsefnum.

Þá hef ég á undanförunum árum haldið ýmis erindi á samkomum félagasamtaka og í safnaðarheimilum kirkjunnar um trúarlíf, trúarleg viðhorf og andlega líðan og heilsu Íslendinga.

Málefni:

Mikilvægt er að kirkjuping móti skýra stefnu í varðveislu- og boðun kristinnar trúar í landinu á komandi árum og að verkefni og ráðstöfun fjármuna kirkjunnar mótist af þeirri stefnu. Meðal landsmanna er rík trúarpörf sem kirkjur og söfnuðir landsins gætu komið enn betur til móts við en verið hefur.

Fræðslustarf kirkjunnar hefur verið eflt á yfirstandandi þingi og þarf enn að efla sem og upplýsingagjöf svo nýjar kynslóðir landsmanna fari ekki á mis við hinn mikilvæga boðskap kristinnar. Þá býður nýs kirkjupings að leiða til lykta tillögur um aukið lýðræði í Þjóðkirkjunni og horfa þar bæði til kjörgengis einstaklinga og kosningaréttar.